

Sæl,

Undirrituð gætir hagsmuna félagsins "Vá! félag um vernd fjarðar". Félagið skilaði um umsögn við frumvarp um lagareldi nýlega og óskaði jafnframt eftir fundi með atvinnuveganefnd, sem hefur enn ekki verið boðað til.

Undirrituð leggur hér með fram tvö álit frá Farice, sem er félag sem hefur það meginhlutverk að sjá um rekstur og viðhald á þremur sæstrengjum sem liggja til Íslands og sjá landinu fyrir nær öllum fjarskiptatengingum við umheiminn. Þessi álit skipta verulegu máli í tengslum við fyrirhugað sjókvíaeldi á Seyðisfirði og óskað er eftir að þau verði lögð fyrir atvinnuveganefnd í tengslum við frumvarpið.

Um er að ræða álit sem sýna grafalvarlegar athugasemdir sem gerðar voru á skipulagsstigi og aftur í þessum mánuði vegna fyrirhugaðs eldis, en þarna er um að alvarlega ræða ógn við almenningsöryggi bæði hérlendis og erlendis. Vakin er athygli á því að Farice leitaði til ráðherra, dags. 8. mars 2023, með lagalegt álit sem tilgreindi nauðsynlegar breytinga á fjarskiptalögum sem þyrfti að gera að mati fyrirtækisins til að tryggja þá gríðarlegu mikilvægu almannaöryggishagsmuni sem um ræðir, en ekki fæst séð að orðið hafi verið við þessari ábendingu nú þegar meira en ár er liðið frá erindinu. Þá má þess geta að fram kemur í álitum Farice að Samtök iðanaðarins séu sammála um mikilvægi þess að verja þau öryggissjónarmið sem um ræðir, enda um gríðarlega hagsmuni að ræða, hvað varðar íslenskt viðskiptalíf.

Í nýju álitum Farice til MAST, dags. 23. apríl 2024, ítrekar félagið enn þessar miklu brotalamir meðal annars með eftirfarandi hætti:

"Að mati Farice er afar óheppilegt að umsókn um sjókvíaeldi nærri legu fjarskiptasæstrengja eigi sér stað á meðan málið er í vinnslu. Sjónarmiðum Farice var komið skýrt á framfæri við Skipulagsstofnun við vinnslu skipulags hafs og stranda fyrir Austfirði á árinu 2020. Að mati Farice þarf að gæta ítrustu varúðar varðandi öryggi fjarskiptasæstrengja. Þannig ætti ekki að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóeldis í sjókvíum fyrr en breytingar á fjarskiptalögum, skv. tillögum þar um, hafa tekið gildi."

Um er að ræða alvarlegan misbrest á því að á þessu mikilvægu félagi sem gegnir skilgreindu öryggishlutverki hafi verið hlustað.

Auk þess vil ég benda á að undirrituð, ásamt fulltrúum Vá! og annarra náttúruverndarsamtaka, hafa fundað með öllum forstjórum þeirra ríkisstofnanna sem hafa með leyfisveitingar og eftirlit að gera varðandi sjókvíaeldi á undanförunum mánuðum. Auk þess funduðum við með innviðaráðherra 2. maí síðastliðinn um málið. Það er mikilvægt að okkur gefist tækifæri að miðla til Alþingis þeirri heildarmynd sem þessir fundir hafa teiknað upp sem er grundvöllur þess að sjókvíaeldi við Ísland er starfrækt að miklu leyti í andstöðu við landslög. Eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdavaldinu í þessum málaflokki hefur ekki verið virkjað.

Við leggjum ríkja áherslu á að beiðni okkar um fund verði virt og okkur veittur fundartími sem fyrst. Undirrituð er erlendis þar til 1. júní og þætti vænt um ef hægt væri að setja fundinn á dagskrá eftir þann dag.

Afrit sent stjórnarfólki úr Vá! auk innviðaráðherra.

Katrín Oddsdóttir | Lögmaður | Attorney at Law
D [+354 547 2000](tel:+3545472000) | E katrin@rettur.is

Réttur – Aðalsteinsson & Partners
Klapparstígur 25-27 | 101 Reykjavík



Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

sent með tölvupósti á mast@mast.is

Berist til:
Jónínu Guðmundsdóttur

23. apríl 2024

EFNI: Umsögn vegna sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða á Seyðisfirði

Matvælastofnun (hér eftir „**MAST**“) sendi Farice ehf., kt. 511203-2950 (hér eftir „**Farice**“), tölvupóst þann 26. mars sl. með beiðni til Farice um umsögn vegna fyrirhugaðs sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða hf kt. 520412-0930 (hér eftir „**Fiskeldi Austfjarða**“) í Seyðisfirði. MAST upplýsti Farice um að stofnunin hefði til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi vegna sjókvíaeldisins.

1. SAMANTEKT

- 1.1 Með umsögn þessari vill Farice koma á framfæri við MAST athugasemdum vegna umsóknar Fiskeldis Austfjarða um rekstrarleyfi á sjókvíum í Seyðisfirði. Um nýja og hratt vaxandi atvinnugrein er að ræða og því ber að gæta ítrustu varúðarsjónarmiða við útgáfu rekstrarleyfisins. Sérstaklega þarf að hafa í huga að laga- og regluverk er enn ekki búið að aðlagast þessari nýju starfsemi. Þess vegna telur Farice einsýnt að, ef gefa á út rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldið, helgunarsvæði FARICE-1 verðir virt í orði sem á borði. Til þess að svo sé þarf að breyta fjarskiptalögum ásamt því að skýra verklag og vinnu við sjókvíar nærri fjarskiptasæstrengjum. T.d. er óljóst hvernig eftirliti verði háttað varðandi staðsetningu akkera sjókvía og hvernig aðkoma þjónustuskipa og pramma verður nærri sjókvíunum.
- 1.2 Þannig ætti ekki að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóeldis í sjókvíum nærri fjarskiptasæstrengjum fyrr en breytingar á fjarskiptalögum hafa tekið gildi og skýrt verði hvernig eftirlit með sjókvíaeldi verði háttað.
- 1.3 Sjónarmiðum Farice hefur verið komið ítarlega á framfæri við Skipulagsstofnun og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið („**HVIN**“) allt frá árinu 2020. Þar á meðal tillögu að breytingu á fjarskiptalögum. Meðfylgjandi umsögn þessari eru bréf Farice til Skipulagsstofnunar frá 2020 og bréf Farice til HVIN frá 2023.

- 1.4 Að mati Farice eru miklir almannahagsmunir í húfi enda er íslenskt samfélag gríðarlega háð öryggi í fjarskiptum við útlönd sem nær öll fara um þrjá fjarskiptasæstrengi Farice. Færeyskt samfélag er enn háðara virkni FARICE-1 strengsins þar sem tvær af þremur fjarskiptaleiðum Færeyja við útlönd fara um strenginn. Það er því varhugavert að tefla því öryggi í tvísýnu með því að staðsetja sjókví of nálægt sæstrengnum og eiga á hættu að valda tjóni á honum.

2. ALMENNT UM FARICE OG SÆSTRENGI SEM FÉLAGIÐ REKUR

- 2.1 Farice er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Félagið hefur það meginhlutverk að sjá um rekstur og viðhald á þremur sæstrengjum sem liggja til Íslands og sjá landinu fyrir nær öllum fjarskiptatengingum við umheiminn. Sæstrengirnir heita ÍRIS, DANICE og FARICE-1. ÍRIS sæstrengurinn liggur milli Þorlákshafnar og Galway á Írlandi og var tekinn í notkun í mars 2023. DANICE sæstrengurinn liggur á milli Landeyjasands og Danmerkur. Hann var tekinn í notkun haustið 2009. FARICE-1 sæstrengurinn liggur á milli Íslands og Skotlands og kemur upp á land innst í Seyðisfirði, á Vestdalseyri við Háubakka, þaðan sem hann tengist landkerfi Farice. Hann var tekinn í notkun í febrúar 2004.
- 2.2 Öryggi í fjarskiptum til og frá Íslandi er háð því að sæstrengirnir virki eins og skyldi og að hratt og örugglega sé brugðist við öllum bilunum sem upp kunna að koma. Frá því að sæstrengir Farice voru teknir til notkunar hefur aldrei komið upp bilun í sjó sem þykir einstaklega góður árangur. Bilanir á landi eru mun algengari en yfirleitt gengur vel að lagfæra þær, enda er töluvert einfaldara og kostnaðarminna að gera við strengi á landi heldur en í sjó. Farice leitar ýmissa leiða til þess að tryggja öryggi strengjanna og nefna má sem dæmi að Landhelgisgæslan hefur stöðugt eftirlit með sæstrengjunum í gegnum AIS kerfið, auk þess sem Farice hefur átt gott samstarf við sjávarútvegsmenn og skipstjóra sem hafa tekið tillit til sæstrengjanna við veiðar.
- 2.3 FARICE-1 strengurinn hefur reynst vel frá því hann var tekinn í notkun fyrir 20 árum síðan. Á árinu 2023 fór Farice í ítarlega skoðun á virkni og nýtingu strengsins. Byggt á niðurstöðu þeirrar skoðunar er fyrirséð að FARICE-1 sæstrengurinn verði í notkun næstu 10 árin hið minnsta. Þannig er ljóst að FARICE-1 strengurinn verður mikilvæg burðarás í fjarskiptaöryggi Íslands a.m.k. næstu 10 árin. Einnig er strengurinn gríðarlega mikilvægur fyrir fjarskiptaöryggi Færeyja en hann sinnir tveimur af þremur af fjarskiptaleiðum til og frá Færeyjum. Annars vegar frá Færeyjum til Íslands og hins vegar frá Færeyjum beint til Skotlands. Komi upp slit á FARICE-1 strengnum við Ísland mun fjarskiptaumferð fyrir Færeyjar vera háð einni tengingu um sæstreng sem liggur milli Færeyja og Hjaltlandseyja, SHEFA. Það orsakast af því að við viðgerð á strengnum mun þurfa að taka allt rafmagn af honum. Magnarar í strengnum milli Færeyja og Skotlands munu við það hætta að virka og þar með mun fjarskiptasamband um hann fara alfarið niður þann tíma sem viðgerð tekur.

3. VERND SÆSTRENGJA

- 3.1 Fjarskiptasæstrengir eru verndaðir sérstaklega með lögum, nánar tiltekið í 86. gr. fjarskiptalaga frá árinu 2022. Þar segir í 4. mgr.: „Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungsbelti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá banni við veiðum samkvæmt þessari málsgrein, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð. 1) Ef tjón verður á fjarskiptastreng í sjó, sem valdið er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, skal sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.“
- 3.2 Ofangreind vernd nær því til verndar fyrir veiðafærum sem snerta botn og lagningu akkera. Verndin nær ekki til sjókvía þrátt fyrir að sjókvíar séu festar við botn með akkerum á sama hátt og akkeri skipa. Að mati Farice er um að ræða skýrt dæmi um lagaramma sem ekki hefur verður uppfærður í takti við hraða þróun og uppbyggingu á sjókvíaeldi né í takti við öra þróun í upplýsingatækni og fjarskiptum. Farice sendi inn erindi til HVIN í mars 2023 þar sem á þetta er bent og lögð er til breytingartillaga þar sem akkeri sjókvía eru innifalin í verndarákvæði fjarskiptalaga. Samkvæmt upplýsingum Farice er erindið enn í skoðun í ráðuneytinu. Samtök iðnaðarins eru upplýst um málið, taka undir afstöðu Farice og hafa einnig átt í samskiptum við ráðuneytið vegna þessa.
- 3.3 FARICE-1 sæstrengurinn liggur ekki nema u.þ.b. 10-15 cm ofan í hafsbotni á umræddu svæði Seyðisfjarðar, þar sem fyrirhugað sjókvíaeldi á vegum Fiskeldis Austfjarða yrði staðsett, og því getur rót á hafsbotninum í nálægð við sæstrenginn valdið tjóni á honum. Ekki kemur fram hvernig festingar verða notaðar fyrir kvíarnar, en vanalega er botnfestan sem er notuð í sambærilegum framkvæmdum stórt plógakkeri. Slík akkeri geta færst til í slæmum veðrum og haft alveg jafn skaðleg áhrif á sæstrenginn og veiðarfæri og akkeri skipa sem talin eru upp í 5. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti.
- 3.4 Ljóst er að vinna og skipaumferð við sjókvíar verður töluverð svo sem með fæðispramma og við seiðasleppingu og slátrun. Erfitt er að sjá hvernig slík vinna geti farið fram án þess að akkerum verði varpað á sjávarbotn til að festa skip og pramma.

4. NIÐURSTAÐA

- 4.1 Að mati Farice er afar óheppilegt að umsókn um sjókvíaeldi nærri legu fjarskiptasæstrengja eigi sér stað á meðan málið er í vinnslu. Sjónarmiðum Farice var komið skýrt á framfæri við Skipulagsstofnun við vinnslu skipulags hafs og stranda fyrir Austfirði á árinu 2020. Að mati Farice þarf að gæta ítrustu varúðar varðandi öryggi fjarskiptasæstrengja. Þannig ætti ekki að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóeldis í sjókvíum fyrr en breytingar á fjarskiptalögum, skv. tillögum þar um, hafa tekið gildi.

- 4.2 Einnig þarf að horfa til þess að um nýja atvinnustarfsemi er að ræða sem er eðlisólík fiskveiðum varðandi starfsemi sem snertir sjávarbotn. Því þurfa rík varúðarsjónarmið að gilda við afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi sjókvía enda engin reynsla komin á slíkan rekstur nærri fjarskiptasæstrengjum.
- 4.3 Að mati Farice þurfa því a.m.k. eftirfarandi kvaðir og eftirlitsaðgerðir að vera á sjókvíaeldi nærri fjarskiptasæstrengjum:
- 4.3.1 Akkeri sjókvía verða ekki innan fjórðungssjómílu frá fjarskiptasæstrengjum. Þannig þarf að horfa til staðsetningu akkeranna sem festa sjókvíanna við sjávarbotninn.
- 4.3.2 Eftirlit þarf að vera með staðsetningu akkeranna og þau reki ekki inn á helgundarsvæði fjarskiptasæstrengjanna. Viðurlög þurfa að liggja við brotum á helgunarsvæðinu.
- 4.3.3 Tryggja þarf að sjókvíarnar verði ekki alveg við helgunarsvæði fjarskiptasæstrengja þannig að nauðsynleg vinna umhverfis sjókvíarnar geti farið fram án þess að akkerum sé varpað inn á helgunarsvæði fjarskiptasæstrengjanna.

Með umsagnarbeiðni MAST fylgdu engar frekari upplýsingar um högun akkera sjókvía, fyrirkomulag eftirlits með þeim eða skýringar á hvernig umferð þjónustuskipa og -pramma verði háttað.

Að mati Farice er því ekki hægt að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóveldis að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

f.h. Farice ehf.,



Þorvarður Sveinsson
Framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

sent með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

Berist til:
Jóns Smára Jónssonar

23. desember 2020

EFNI: Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs fiskeldis í Seyðisfirði

Farice ehf., kt. 511203-2950 (hér eftir „Farice“), hefur leitað til BBA//Fjeldco og falið okkur að gæta hagsmuna sinna vegna erindis sem barst í tölvupósti frá Skipulagsstofnun þann 2. desember sl. Þar var vakin athygli á því að nú stæði yfir kynning á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs fiskeldis í Seyðisfirði, á vegum Fiskeldis Austfjarða hf., kt. 520412-0930 (hér eftir „Fiskeldi Austfjarða“). Með tölvupóstinum fylgdi hlekkur á frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar, sem Fiskeldi Austfjarða hefur lagt fram (hér eftir „frummatsskýrslan“). Hér að neðan verður gerð grein fyrir athugasemdum Farice við fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þær eru kynntar í frummatsskýrslunni.

1. ALMENNT UM FARICE OG SÆSTRENGI SEM FÉLAGIÐ REKUR

- 1.1 Farice er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Félagið hefur það meginhlutverk að sjá um rekstur og viðhald á tveimur sæstrengjum sem liggja til Íslands og sjá landinu fyrir fjarskiptatengingum við umheiminn. Sæstrengirnir heita DANICE og FARICE-1. DANICE sæstrengurinn liggur á milli Íslands og Danmerkur og kemur upp á land á Landeyjarsandi þaðan sem hann tengist landkerfi Farice. Hann var tekinn í notkun haustið 2009. FARICE-1 sæstrengurinn liggur á milli Íslands og Skotlands og kemur upp á land innst í Seyðisfirði, á Vestdalseyri við Háubakka, þaðan sem hann tengist landkerfi Farice. Hann var tekinn í notkun haustið 2003.
- 1.2 Öryggi í fjarskiptum til og frá Íslandi er háð því að sæstrengirnir virki eins og skyldi og að hratt og örugglega sé brugðist við öllum bilunum sem upp kunna að koma. Frá því þeir voru teknir til notkunar hefur aldrei komið upp bilun í sjó sem þykir einstaklega góður árangur. Bilanir á landi eru mun algengari en yfirleitt gengur vel að lagfæra þær, enda er töluvert einfaldara og kostnaðarminna að gera við strengi á landi heldur en í sjó. Farice leitar ýmissa leiða til þess að tryggja öryggi strengjanna og nefna má sem dæmi að Landhelgisgæslan hefur stöðugt eftirlit með sæstrengjunum í gegnum AIS kerfið, auk þess

sem Farice hefur átt gott samstarf við sjávarútvegsmenn og skipstjóra sem hafa tekið tillit til sæstrengjanna við veiðar.

2. ÁHRIF FISKELDIS Í SEYÐISFIRÐI Á FARICE-1 SÆSTRENGINN

- 2.1 Samkvæmt frummatsskýrslunni stefnir Fiskeldi Austfjarða að því að setja upp fjögur eldissvæði í Seyðisfirði, þ.e. í Selstaðavík, í Sörlastaðavík, í Skálanesbót og á Háubökkum, fyrir 10.000 tonna sjókvíaeldi á laxi. Að jafnaði verða fyrstu þrjú eldissvæðin nýtt, en eldissvæðið við Háubakka verður til vara.¹
- 2.2 Í frummatsskýrslunni kemur fram að FARICE-1 sæstrengurinn hafi takmörkuð áhrif á staðsetningu eldissvæðanna. Vísað er til þess að stækkun á eldissvæðinu í Selstaðavík og staðsetning nýrra svæða í Sörlastaðavík og í Skálanesbót taki tillit til svokallaðs helgunarsvæðis fjarskiptastrengja sem liggja í sjó.² Helgunarsvæðið er miðfjórðungsbelti hvorum megin við fjarskiptastrenginn, sem mjafnagildir 463 metrum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Innan þessa svæðis er bannað að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Ekkert er minnst á það hvort staðsetning eldissvæðisins á Háubökkum sé innan eða utan helgunarsvæðis FARICE-1 sæstrengsins. Að öðru leyti en að framan greinir er ekkert fjallað um áhrif staðsetningar sjókvíanna á FARICE-1 sæstrenginn, sem sætir mikilli furðu þegar haft er í huga hversu mikilvægir hagsmunir eru í húfi fyrir landið í heild sinni.
- 2.3 Á fylgiskjali 1 má sjá afstöðumynd af Seyðisfirði, sem Farice hefur útbúið með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í frummatsskýrslunni. Græna línan sýnir legu FARICE-1 sæstrengsins og rauðu hringirnir sýna dæmi um helgunarsvæði í kringum sæstrenginn. Fjólubláu ferhyrningarnir sýna fyrirhugaða staðsetningu sjókvíanna í firðinum. Innst í firðinum við Háubakka má sjá hvar FARICE-1 sæstrengurinn kemur á land í mikilli nálægð við fyrirhugaða sjókví. Af upplýsingum úr frummatsskýrslunni verður ekki betur skilið en að hluti sjókvíarinnar muni liggja innan helgunarsvæðis sæstrengsins í andstöðu við ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.
- 2.4 FARICE-1 sæstrengurinn liggur ekki nema u.þ.b. 10-15 cm ofan í hafsbotni á þessu svæði Seyðisfjarðar og því getur rót á hafsbotninum í nálægð við sæstrenginn valdið tjóni á honum. Engar upplýsingar er að finna í frummatsskýrslunni um hvernig festingar verða notaðar fyrir kvíarnar, sem verður að teljast verulega ámælisvert. Í öllu falli hlýtur að þurfa einhvers konar akkeri til þess að botnfesta kvíarnar. Farice hefur miklar áhyggjur af því að hvaða festingar sem verði notaðar geti færst til í slæmum veðrum. Festingar fyrir sjókvíar eru alveg jafn vel til þess fallnar að valda tjóni á sæstrengnum og þau veiðarfæri og akkeri skipa sem eru talin upp í 5. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti. Vegna þess hve innsta sjókvíin við Háubakka er nálægt sæstrengnum telur Farice yfirgnæfandi líkur á því að festingar sjókvíarinnar muni fyrr eða síðar valda tjóni á sæstrengnum í slæmu veðri með því að skera eða rífa í hann svo hann slitni.

¹ Frummatsskýrsla Fiskeldis Austfjarða hf. vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020, bls. 1.

² Frummatsskýrsla Fiskeldis Austfjarða hf. vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020, bls. 35.

3. AFLEIÐINGAR AF TJÓNI Á FARICE-1 SÆSTRENGNUM

- 3.1 Ef FARICE-1 sæstrengurinn verður fyrir tjóni mun kostnaður vegna viðgerða nema tugum og jafnvel yfir hundrað milljónum króna eftir umfangi tjónsins. Það mun taka nokkrar vikur eða mánuði að ljúka viðgerðum og á meðan eru öll fjarskipti Íslands við umheiminn háð því að DANICE sæstrengurinn virki eins og skyldi. Farice hefur ekki alltaf tök á því að stjórna hvenær viðgerðir og uppfærslur á kerfum sem eru tengd við DANICE sæstrenginn fara fram, enda getur slíkt átt sér stað á öðrum lendingarstöðum strengsins en á Íslandi. Ef slíkar viðgerðir eða uppfærslur færu fram á sama tíma og viðgerðir á FARICE-1 strengnum myndi það þýða að Ísland yrði sambandslaust með öllu. Þótt ekki væri nema í nokkrar klukkustundir myndi slíkt samskiptaleysi valda ómældu tjóni fyrir íslenskt efnahagslíf, almenning og fyrirtækin í landinu.
- 3.2 Þá ber að geta þess að það er undir viðskiptavinum Farice komið hvaða þjónustu þeir kaupa af fyrirtækinu og hversu hátt öryggisstig þeir velja. Þannig velja sumir viðskiptavinir Farice að kaupa sjálfstæðan aðgang fyrir gagnaflutning yfir hvorn sæstreng og ráða þar með sjálfir hvernig umferð er deilt milli sæstrengjanna og með hvaða hætti þjónusta er varin ef tenging yfir einn sæstreng rofnar. Ef tenging yfir FARICE-1 sæstrenginn rofnar gæti það því haft umtalsverð áhrif á þjónustu viðskiptavina Farice. Í þessum hópi eru nokkur íslensk fjarskiptafyrirtæki. Það gæti tekið Farice nokkrar vikur og jafnvel mánuði að tryggja öllum viðskiptavinum sínum sömu flutningsgetu yfir DANICE sæstrenginn og þeir hafa núna yfir FARICE-1 sæstrenginn. Loks ber að hafa í huga að við slíkar aðstæður væri Ísland einungis tengt til Evrópu með einum sæstreng yfir langan tíma með þeirri gríðarlegu öryggis- og orðsporsáhættu sem það felur í sér.

4. SAMANTEKT

- 4.1 Með erindi þessu vill Farice koma á framfæri við Skipulagsstofnun mótmælum vegna fyrirhugaðrar staðsetningar sjókvíar við Háubakka í Seyðisfirði. Farice telur að Fiskeldi Austfjarða hafi lítið sem ekkert rannsakað hugsanleg skaðleg áhrif sjókvíarinnar á öryggi FARICE-1 sæstrengsins, sem sýnir sig best í því að afar stutt umfjöllun er um sæstrenginn í frummatsskýrslunni. Sú umfjöllun sem þó er til staðar í skýrslunni fjallar um að við ákvörðun um staðsetningu sjókvíanna í Selstaðavík, í Sörlastaðavík og í Skálanesbót hafi verið tekið tillit til helgunarsvæðis sæstrengsins en ekkert er minnst á það hvort staðsetning sjókvíarinnar við Háubakka sé utan helgunarsvæðisins.
- 4.2 Að mati Farice eru miklir almannahagsmunir í húfi enda er íslenskt samfélag gríðarlega háð öryggi í fjarskiptum. Það er varhugavert að tefla því öryggi í tvísýnu með því að staðsetja sjókví of nálægt sæstrengnum og eiga á hættu að valda tjóni á honum. Það er ógjörningur að koma í veg fyrir öll möguleg slys og óhöpp en það er vel hægt að gera sitt besta og taka ekki óþarfa áhættur. Í þessu máli verður að forgangsraða hagsmunum sem allt landið hefur af því að tryggja örugg fjarskipti framfar hagsmunum sem tilteknir aðilar hafa af staðsetningu umræddrar sjókvíar. Farice vill því hvetja Skipulagsstofnun til þess að hlutast til um að ítarlegra mat fari fram á áhrifum sjókvíarinnar á öryggi FARICE-1 sæstrengsins.

BBA // FJELDGO

Virðingarfyllst,

BBA//Fjeldco ehf.


Halldór Karl Halldórsson

lögmaður
Kt. 281282-4099

Halldór Karl Halldórsson

Lögmaður

Fylgiskjal 1 - Yfirlitsmynd af staðsetningu FARICE-1 sæstrengsins og sjókvíareldis í Seyðisfirði



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
B.t. Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2023

EFNI: Vernd fjarskiptastrengja í sjó samkvæmt 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022

1. BAKGRUNNUR

Farice ehf., kt. 511203-2950, Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík (hér eftir „Farice“), hefur leitað til BBA//Fjeldco lögmannsstofu og óskað eftir aðstoð BBA//Fjeldco við að gæta hagsmuna félagsins. Farice er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Félagið hefur það meginhlutverk að sjá um rekstur og viðhald á fjarskiptastrengjum sem liggja til Íslands í sjó og sjá landinu fyrir fjarskiptatengingum við umheiminn. Öryggi í fjarskiptum til og frá Íslandi er háð því að fjarskiptastrengir sem liggja til landsins virki eins og skyldi. Farice ber skylda til þess að reyna sitt ýtrasta til þess að tryggja öryggi þessara fjarskiptastrengja og forða því að þeir verði fyrir tjóni, sem ella gæti haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar í för með sér.

2. ATHUGASEMDIR FARICE VIÐ 86. GR. LAGA UM FJARSKIPTI NR. 70/2022

Í 4. mgr. 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 (hér eftir „fjarskiptalög“) kemur fram að þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungsbelti (463 metrar) hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Almennt er talað um þetta svæði sem helgunarsvæði fjarskiptastrengja.

Að mati Farice standa rök til þess að sama bann og gildir um skip skuli einnig gilda um fiskeldiskvíar sem eru botnfastar, þ.e. að einnig sé bannað að botnfesta fiskeldiskvíar á mílufjórðungs beltum hvorum megin við fjarskiptastrengi. Festingar af hvaða gerð sem er geta færst til í slæmum veðrum og skorið eða rifið í fjarskiptastrengi svo þeir slitni. Festingar fyrir fiskeldiskvíar eru alveg jafn vel til þess fallnar að valda tjóni á fjarskiptastrengjum og þau veiðarfæri og akkeri skipa sem eru talin upp í 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga. Að mati Farice nær ákvæðið ekki tilgangi sínum ef skipum er bannað að leggjast við akkeri í nálægð við fjarskiptastrengi, en heimilt er að botnfesta fiskeldiskvíar á sama svæði, jafnvel með sambærilegum akkerum og notuð eru fyrir skip.

3. STRANDSVÆÐISSKIPULAG AUSTFJARÐA 2022

Ástæða þess að Farice vill vekja athygli ráðherra á þessu atriði er sú að hvorki skipulagsyfirvöld né eigendur fiskeldiskvía í Seyðisfirði líta þannig á að bann 4. mgr. 86. gr. við tilteknum athöfnum innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengja gildi um fiskeldiskvíar, enda ákvæðið ekki skýrt hvað þetta varðar. Einn af fjarskiptastrengjunum í eigu Farice, sem ber heitið FARICE-1 og liggur á milli Íslands og Skotlands, kemur upp á land innst í Seyðisfirði, á Vestdalseyri við Háubakka, þaðan sem hann tengist landkerfi Farice. Farice lætur því strandsvæðisskipulag í Seyðisfirði sig varða þar sem það getur haft áhrif á öryggi FARICE-1 og þar með öryggi í fjarskiptum til og frá Íslandi.

Nú er uppi raunveruleg hættu á að þessu öryggi verði teft í tvísýnu. Þann 6. desember 2022 samþykkti svæðisráð tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022.¹ Í kjölfarið var tillagan send til innviðaráðherra til staðfestingar í samræmi við 13. gr. laga nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða, og bíður hún nú staðfestingar ráðherra. Á sama tíma birti svæðisráð samantekt á skriflegum athugasemdum sem bárust Skipulagsstofnun við strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022 og viðbrögð svæðisráðs við þeim.²

Á bls. 39-40 í athugasemdunum við strandsvæðisskipulagið má sjá athugasemd nr. 33, sem var gerð af hálfu Fiskeldis Austfjarða hf. og Löxum fiskeldi ehf. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...] Bann við starfsemi innan helgunarsvæðis er ekki almennt heldur tekur til botnveiða og legu skipa. Ákvæðið tekur ekki til sjókvíaeldisstöðva, enda um að ræða alls eðlisólíka starfsemi. Skal áréttuð að bannákvæði 86. gr. er íþyngjandi ákvæði sem ekki verður skýrt rúmri lögskýringu. Undir þetta tekur löggjafinn enda tekur undanþáguákvæðið í 3. ml. 4. mgr. 86. gr. laganna einvörðungu til veiða og ekki til annarrar starfsemi innan svæðisins, sem væri tilfellið ef ákvæðinu væri ætlað að taka til starfsemi annarrar en veiða.“

Viðbrögð svæðisráðs við þessari athugasemd eru eftirfarandi:

„[...] Svæðisráð tekur undir að lagagrundvöll skorti til að banna tiltekna starfsemi innan skipulagsreita í nýtingarflokknum lagnir og vegir. Fjarskiptastofa og Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hafa bent á mikilvægi þess að tryggja öryggi strengjanna og telja mikilvægt að endurskoða regluverk með tilliti til þessa.“

Þess skal einnig getið að Farice-1 liggur um skipulagsreit LV1, sem er skilgreindur í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir (LV)* á skipulagsupprætti. Um skipulagsreiti í þessum nýtingarflokk segir eftirfarandi í tillögunni að strandsvæðisskipulagi: “Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa til efnistöku, eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita.”

Farice-1 liggur einnig um skipulagsreit SI1. Um þennan skipulagsreit segir eftirfarandi í tillögunni að strandsvæðisskipulagi: “Um reitinn liggur fjarskiptastrengurinn Farice1 sem tekur land á Vestdalseyri, en um hann er skilgreindur skipulagsreitur í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir*, LV1. Á þeim hluta SI1 sem tekur til reits LV1 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og

¹ Tillaga svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 er aðgengileg á þessari slóð: <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-AustfirDIR-greinargerd-desember-2022.pdf>

² Samantekt svæðisráðs á framkomnum athugasemdum við strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022 og viðbrögð svæðisráðs við þeim er aðgengileg á þessari slóð: <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Vidbrogd-svaedisrads-vid-framkomnum-athugasemdum-AustfirDIR.pdf>

samgöngum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.”

Farice telur brýnt að gæta þess að botnfestingar sjókvía verði ekki staðsettar innan helgunarsvæðis FARICE-1 fjarskiptastrengsins, sem og að bátar sem þjónusta fiskeldi setji ekki út akkeri innan helgunarsvæðis strengsins. Fjarskiptastrengurinn hefur þjóðaröryggislegt mikilvægi og því er þörf á því að tryggja öryggi hans sérstaklega. FARICE-1 fjarskiptastrengurinn liggur ekki nema u.þ.b. 0-120 cm ofan í hafsbotni í Seyðisfirði og því getur rót á hafsbotninum í nálægð við fjarskiptastrenginn auðveldlega valdið tjóni á honum.

Að óbreyttum lögum óttast Farice að öryggi FARICE-1 fjarskiptastrengsins sé ekki tryggt með fullnægjandi hætti. Leyfisveitendum ber ekki skylda til þess að taka mið af helgunarsvæði FARICE-1 við leyfisveitingar heldur verða þeir samkvæmt framangreindu eingöngu að leita umsagnar Farice við veitingu leyfa til efnistöku, eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita, og við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi FARICE-1. Aftur á móti er engin trygging fyrir því að slíkar umsagnir Farice myndu hafa nokkur áhrif á ákvarðanir um leyfisveitingar.

4. BEIÐNI UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM FJARSKIPTI NR. 70/2022

Með hliðsjón af framangreindu vill Farice með erindi þessu fara þess á leit við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið að það beiti sér fyrir því að fjarskiptalögum verði breytt á þann hátt að afdráttarlaust bann verði lagt við því að botnfesta fiskeldiskvíar að minnsta kosti innan sömu fjarlægðar frá fjarskiptastrengjum og gildir samkvæmt 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga um veiðarfæri sem eru fest í botni eða dregin eftir honum, þ.e. 463 metra hvorum megin við fjarskiptastrengi.

Farice leggur til að 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga verði orðuð með eftirfarandi hætti, en breytingar frá núverandi orðalagi eru feitletraðar og undirstrikaðar.

„Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur og aðrir sýna aðgæslu og gæta varúðar. Bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungsbelti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Að sama skapi er bannað að staðsetja botnfestingar fyrir sjókvíeldi, og annan búnað sem er talinn líklegur til að raska öryggi fjarskiptastrengja, innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá banni við veiðum og staðsetningu sjókvíeldis eða annars búnaðar samkvæmt þessari málsgrein, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri, botnfestingar eða búnað sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð. ¹⁾ Ef tjón verður á fjarskiptastreng í sjó, sem valdið er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, skal sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.“

Virðingarfyllst,
f.h. Farice ehf.



Stefán Björn Stefánsson, lögmaður


stefanbjorn@bbafieldco.is

Farice ehf.
Guðríðarstig 2-4
113 Reykjavík

Selfossi, 26. mars 2024
Tilvísun: 18081324

Efni: Beiðni um umsögn vegna sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi Fiskeldi Austfjarða hf. vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði. Sótt er um 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi. Fyrirtækið mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur staðsetningu í Seyðisfirði: í Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót, sjá mynd svæði merkt SN1, SN2 og SN3.




Fyrir liggur að sæstrengurinn Farice 1 liggur um reit LV1 skv. upplýsingum úr strandsvæðaskipulagi Austfjarða.

Með vísan til 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Farice hf. um það hvort staðsetning sæstrengsins hafi áhrif á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar.

Umsögn óskast send Matvælastofnun á netfangið mast@mast.is fyrir 23. apríl 2024. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Sérfræðingur – lögfræðingur
Fiskeldisdeild